

9b - Náttúrurfræði - haust2020

Kennarar: Ósk Kristinsdóttir

| 9

Lýsing

Á haustönn er lögð áhersla á líffræði - mannlíkamann. Það efni sem stuðst er við bókina Mannlíkaminn og annað rafrænt efni

Viðfangsefni

Líffræði - Mannlíkaminn

Nemendur læra um helstu líffærakerfi mannlíkamans.

Nemendur vinna að einu heildstæðu verkefni alla önnina sem samþættir helstu hæfniviðmið áfangans sem kallast annarverkefni.

Bókin Mannlíkaminn er höfð til stuðnings og upp úr henni vinna nemendur 5 verkefni tengd köflum bókarinnar 3 af þessum verkefnum gilda svo til einkunnar. Nemendur hafa val um hvort verkefni séu unnin sem einstaklingsverkefni eða hópverkefni.

Námsmat

Annarverkefni - Þessa önnina er unnið með stórt annarverkefni, þar sem nemendur velja sér viðfangsefni innan líffræðarinnar tengda mannlíkamanum og gerast sérfræðingar. Nemendur hafa val um framkvæmd og úrvinnslu en fylgja ákveðnum kröfum í gegnum verkefnið. Í byrjun janúar er stefnt að því að setja upp sýningu um mannlíkamann þar sem öðrum nemendum skólans gefst tækifæri á að koma og fræðast.

Mannlíkaminn - Rafrænar spurningar uppúr efni bókarinnar 3 af 5 gilda

Krufningar skýrsla/vlog

Stöðvavinna

Vinnusemi - mappa á drive sem heldur utan um minni verkefni

Spjaldtölvur

Í náttúrufræði er spjaldtölvan okkar aðalverkfæri, hún er notuð við heimildaröflun og skráningu. Nemendur útbúa vinnubók í Slides eða Keynote sem heldur utan um minni verkefni. Notast er við heimasíðu náttúrufræðikennslunni á unglingsstigi inn á henni má finna öll þau verkefni sem lögð eru fyrir ásamt því efni sem unnið er með í hverjum tíma. Nemendur skila verkefnum sínum í gegnum Classroom.

Explain Everything er notað þegar teikna þarf upp skýringarmynd eða merkja/teikna inn á myndir. Upptöku og myndavéla möguleikar eru notaðir þegar verklegar æfingar og tilraunir eru framkvæmdar.

Nemendur svara kaflaverkefnum í Google Forms

Nemendur hafa val í stærri verkefnum um hvornig megi skila þeim af sér en það er ýmist notað iMovie, Sites, Docs, Slides, Keynote eða önnur öpp sem nemendur óska eftir því að nota.

Náttúrugreinar verklag og viðfangsefni fyrir 8.-10. bekk - Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.

Náttúrugreinar verklag og viðfangsefni fyrir 8.-10. bekk - Vinnubrögð og færni

- Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.

Náttúrugreinar verklag og viðfangsefni fyrir 8.-10. bekk - Lífsskilyrði manna

- Útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannlíkamans, gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi.
- Útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra.
- Útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun.
- Útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu.